

5.-6.bekkur

Ísl.....vantar

Stærðfræði 5. – 6. bekkur

Hæfniviðmið í stærðfræði eru hér sett fram í níu flokkum þar sem fyrstu þrír eru almenn viðmið um stærðfræðilega hæfni en hinir flokkarnir snúa að hæfni á ólíkum sviðum stærðfræðinnar.

Að geta spurt og svarað með stærðfræði.

Markmið:

Að nemandi:

- Geti spurt, tjáð sig munnlega og skriflega um spurningar og svör um stærðfræði.
- Leyst stærðfræðiþrautir um viðfangsefni sem gefa tækifæri til að beita innsæi, eigin túlkun og framsetningu, byggða á fyrri reynslu og þekkingu.

Að kunna að fara með tungumál og verkfræði stærðfræðinnar.

Markmið:

Að nemandi:

- Geti sett sig inn í og tjáð sig, bæði munnlega og skriflega, um ólíkar leiðir við lausnir stærðfræðiverkefna.
- Velur og notar hentug verkfæri, þar með talin hlutbundin gögn til rannsókna á stærðfræðilegum viðfangsefnum.

Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar

Markmið:

Að nemandi:

- Geti tekið þátt í að þróa fjölbreyttar lausnarleiðir, með því m.a. að nota skráningu með tölum, texta og teikningum.

- Geti unnið í samvinnu við aðra að lausnum stærðfræðiverkefna, þar sem byggt er á ólíkum forsendum og hugmyndum nemenda.

Tölur og reikningur

Markmið:

Að nemandi:

- Noti ræðar tölur og raðað þeim og borið saman.
- Notað tugakerfisrithátt og sýnt að hann skilur sætiskerfi.
- Skráð hlutföll og brot á ólíka vegu og sýnt fram á að hann skilur sambandið milli almennra brota, tugabrota og prósentu.
- Notað almenn brot, tugabrot og prósentur við útreikninga á daglegum viðfangsefnum.

Algebra

Markmið

Að nemandi

- Geti rannsakað og sett fram talnamynstur á skipulegan hátt og unnið með regluleika í rúmfræði, lýst mynstrum með tölum, myndum og orðum.

Rúmfræði og mælingar

Markmið:

Að nemandi

- Geti greint tvívíð og þrívíð form, teiknað einfaldar flatar- og þrívíddarmyndir, speglað, snúið og hliðrað flatarmyndum við rannsóknir á mynstrum sem þekja flötinn.
- Geti áætlað ummál, flatarmál og rúmmál í raunverulegum aðstæðum.
- Áætlað og mælt horn, þyngd, tíma og hitastig með viðeigandi mælikvarða og dregið ályktanir af mælingunum.

Tímafjöldi

Unnið var 2 x 60 mínútur á viku og einnig í útikennslu.

Kennsluhættir

Kennt er í lotum í ákveðnu efni hverju sinni þar sem hver lota hefst á innlögn. Að mestu er um hefðbundna kennslu en hópverkefni og samvinnuverkefni unnin þegar við á. Stærðfræðinámið er einnig unnið í þemu og í útikennslu. Mikið er lagt upp úr skipulögðum vinnubrögðum við uppsetningu dæma. Einnig er ábyrgð nemenda elfd með áætlunarvinnu þannig að ef nemendur klára ekki sína áætlun í skólanum, þá þurfa þeir að vinna hana heima. Auk þess eiga nemendur að fara yfir vikuáætlun sína með notkun á lausnarhefti og þegar þeir hafa lokið því og dæmin rétt unnin þá fá þeir stimpil í bókina hjá kennara. Með þessu er verið að efla sjálfstæði og ábyrgð í námi.

Námöggn

- Stika, nemendabók 1A og 1B og æfingahefti 1A og 1B.
- Stika, nemendabók 2A og 2B og æfingahefti 1A og 1B.
- Stærðfræðispil
- Stærðfræðiþrautir
- Ipad – smáforrit
- Efni af vefnum

Námsmat

Við lok hverrar lotu er tekin könnun.

Einnig fá nemendur umsögn inn á Mentor í lok annar um iðni og skipulag í námi.

Enska 5.-6. bekkur

Markmið að nemandi:

Hlustun

- skilji fyrirmæli og leiðbeiningar kennara á ensku
- skilji í meginatriðum samtöl og viðtöl um efni tengt daglegu lífi og efni sem tengist viðfangsefni námsins.

- skilji efni á myndböndum og geisladiskum í tengslum við viðfangsefni sem unnið er með og eru þeim kunnugleg.
- hlustað eftir einstökum atriðum og geta brugðist við með orðum eða athöfnum.

Ritun

- skrifað stuttan samfellan texta um efni sem tengist honum persónulega, tengt saman einfaldar setningar.
- sagt frá og brugðist við því sem hann hefur lesið, séð eða heyrt.
- lýst því sem næst honum er, fjölskyldu, áhugamálum, vinum og umhverfi.
- samið texta þar sem ímyndunaraflið fær að njóta sín.

Lesskilningur

- lesið sér til gagns og ánægju léttu texta, sem tengist daglegu lífi og áhugamálum.
- geta skilið megininntak í einföldum frásögum, dagblaða, tímarita og netmiðla og geta fjallað um efni þeirra.
- geta greint lykilupplýsingar í texta og nýtt í verkefnavinnu.
- lesið sér til gagns og gaman auðlesnar bækur og annan texta fyrir börn.

Frásögn og samskipti

- tjáð sig um það sem viðkemur daglegu lífi hans og því sem stendur honum nærri á vel skiljanlegu máli
- sagt frá eða lýst sjálfum sér, vinum, fjölskyldu, áhugamálum og nánasta umhverfi
- greint frá og lýst atburðum og athöfnum með stuðningi
- flutt atriði, sagt stutta sögu eða lesið upp eigin texta sem hann hefur haft tækifæri til að æfa
- spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum nærri, tekið þátt í samskiptaleikjum og unnið samtalsæfingar
- skipst á upplýsingum og skoðunum við skólasystkini og kennara um efni tengt náminu.

Menningarlæsi

- sýnt fram á að hann kann skil á ýmsum þáttum sem snúa að daglegu lífi, s.s. fjölskyldu, skóla, frítíma og hátíðum og geti áttað sig á ólíkum menningarþáttum.
- sýnt fram á að hann þekkir til siða og hefða viðkomandi mál- og menningarsvæða.

Námshæfni

- sett sér einföld markmið og lagt mat á námsframvindu, beitt aðferðum til að skipuleggja sig og bæta þar sem þess gerist þörf.

- tekið þátt í hóp- og tvenndarvinnu, hlustað á og tekið tillit til þess sem aðrir eru að segja.

Tímafjöldi

Kennt er í 60 mín. tvisvar sinnum í viku.

Kennsluhættir

Hlustun: Hlustun er mikilvægur þáttur í enskukennslu í 5.-6. bekk. Hlustunarverkefni úr námsbókunum eru unnin í flestum kennslustundum bæði einstaklingslega sem og í hópum. Kennarinn gefur einnig fyrirmæli og leiðbeiningar á ensku.

Lestur: Nemendur lesa texta í Build up 1 og 2 en einnig lesa þeir þemahefti sem tengjast portfolio námsefninu og aðrar léttlestrarbækur. Nemendur vinna svo með textana á marga vegu, þeir vinna ýmis lesskilningsverkefni og læra að glósa orð úr textanum. Einfaldar málfræðiæfingar, minnisstílar og krossgátur er meðal þess sem nemendur þjálfast í.

Talað mál: Munnlegar æfingar eru í flestum kennslustundum. Þær eru ýmist unnar af öllum bekknum saman, í pörum og/eða smærri hópum.

Ritun: Ýmsar skriflegar æfingar eru unnar í vinnubókunum Build up 1 og 2 en einnig rita nemendur bréf, póstkort, sögur og gera fleiri ritunaræfingar.

Námsefni

- Portfolio bókin Build up 1 í 5. bekk og Build up 2 í 6. bekk.
- Þemahefti sem fylgja Portfolio námsefninu. Þar er að finna texta um ákveðið viðfangsefni sem nemendur lesa og svo vinna þeir ýmis verkefni sem tengjast þessum textum í meðfylgjandi vinnubækur.
- Málfræðiheftið Write right one fyrir nemendur í 6.bekk

Námsmat

Símat er yfir skólaárið þar sem ákveðnir þættir eru metnir hverju sinni. Lagðar eru fyrir kannanir og verkefni til að meta stöðu og kunnáttu nemenda. Frammistaða og virkni nemenda í tímum er einnig metin sem og vinnubækur nemenda og glósur.

Heimavinna

Ekki er lögð áhersla á heimavinnu en ætlast er til að nemendur klári verkefni sem þau hafa ekki náð að ljúka við í kennslustund.

Þema 5. -6. bekkur

Í 5.- 6. bekk er miðað við að tekin séu 3 þemu fyrir áramót og 3 eftir áramót. Við lok hvers þema er oftast ein vika á milli án þema en sú vika nýtist til undirbúnings á næsta þema.

Vegna samkenndu árganga þá rúlla þemun til skiptis þannig að ýmist byrjar 5. bekkur á A hluta eða B hluta

A hluti

Benjamín dúfa

Markmið

Að nemandi:

- Lesi bókmenntatexta og vinni með hann á fjölbreyttan hátt.
- Þekki helstu bókmenntahugtök eins og aðal- og aukapersóna, söguþráður, umhverfi, tími, boðskapur, sögulok.
- Geti skrifað ritgerð úr sögunni og unnið með efni hennar á ýmsan hátt.
- Geti samið sögur með upphaf, miðju, endi og atburðarás og beiti mismunandi stíl í ritun.
- Geti tjáð sig á öruggan hátt fyrir framan samnemendur sína og fjallað þannig munnlega um söguna.
- Setji sig í hlutverk annarra og nýti sér aðferðir leikrænnar tjáningar við lausn á verkefnum.

Kennsluhættir

Nemendur lesa bókina heima og vinna jafnframt lesskilningsverkefni. Nemendur skipta með sér köflum og semja handrit að kvikmynd. Síðan er nemendum skipt í hópa eftir áhugasviði hvers og eins. Í boði er að velja um sjö hópa þ.e. leikara, tónlist, dans, búningar, leikmynd, tækni og auglýsingar. Þemað endar með útgáfu á kvikmynd. Allir nemendur koma að myndinni með einum eða öðrum hætti tengt þeirra hópavinnu. Myndin er sýnd öllum nemendum skólans og foreldrum þeirra sem taka þátt.

Námsefni

Bókin *Benjamín dúfa* eftir Friðrik Erlingsson

Námsmat

Lesskilningsverkefni er metið og einnig er frammistöðumat í þemanu, þar sem kennarar skrifa um frammistöðu hver og eins til verkefnisins.

Rafmagn**Markmið**

Að nemandi:

- Skilji hvernig mismunandi hitastig hefur áhrif á efni og hluti.
- Geri sér grein fyrir að til að hlutir sjáist verður ljós að berast frá þeim.
- Geri sér grein fyrir áhrifum andstæðra rafhleðslna (stöðurafmagn).
- Kynnist rafstraumi í einföldum rásum og flutningi raforku.
- Kynnist seglum og geti nefnt dæmi um segulmögnuð efni í daglegu lífi.

Kennsluhættir

Nemendur fá lista um val- og skylduverkefni í byrjun þemans. Skylduverkefni eru að lesa Auðvitað 1 og svara spurningum úr henni. En valverkefni eru tilraunir tengd efninu. Í öllum tilraunum þurfa nemendur að búa til skýrslu. Val og skylduverkefnum er safnað í vinnubók. Nemendur mega ráða hvenær þau vinna verkefni og í hvaða röð. Svo nemendur verða að skipuleggja sig vel í byrjun. Nemendur semja einnig sögu um einn dag í rafmagnsleysi sem fer í vinnubókina. Í lok þemans tóku allir könnun úr þeim blaðsíðum sem lesnar eru og skila vinnubók til kennara.

Námsefni

Kennslubókin *Auðvitað 1* eftir Helga Grímsson

Námsmat

Námsmatið er niðurstaða úr könnun og vinnubók. Einnig er metið hvernig nemendum gengur í að framkvæma tilraunir og virkni þeirra í tímum er metin.

Norðurlönd

Markmið

Að nemandi:

- Átti sig á hvað er líkt og hvað ólíkt í atvinnulífi, búsetu og lífsháttum Norðurlandanna.
- Þekki helstu atvinnuvegi Norðurlandabúa og framleiðslu þeirra.
- Þekki helstu menningareinkenni Norðurlandabúa eins og tungumál, trúarbrögð, lífskjör, menntamál og félagsmál.
- Kynnist landslagi, náttúrufari og auðlindum Norðurlandanna.
- Kynnist dæmum um ólík lífsskilyrði fólks á Norðurlöndum.
- Þekki megineinkenni gróðurfars og loftslags Norðurlanda auk ríkjandi vinda og hafstrauma.
- Kynni sér á hvaða sviðum Norðurlandaþjóðirnar eiga með sér samstarf og í hverju það felst.

Kennsluhættir

Nemendur lesa bók heima og með kennurunum sínum um Norðurlöndin. Síðan vinna þau hugarkort fyrir hvert land og setja í vinnubók. Nemendum er svo raðað saman í þriggja til fjögurra manna hópa. Hóparnir draga sér land sem þeir eiga að kynna sér nánar. Hópurinn á að setja sig í spor ferðaskrifstofu sem er að auglýsa ferð til landsins. Markmið hópsins er að reyna að sannfæra ferðamenn til þess að koma til landsins. Í lok þemans kynna ferðaskrifstofurnar ferðirnar fyrir bekknum.

Námsefni

Kennslubókin Norðurlönd og verkefnabók tengd henni. Ýmsir vefir sem fjalla um Norðurlöndin sem nemendur finna með aðstoð kennara.

Námsmat

Nemendur fylla út jafningjamat eftir hópavinnuna. Kennarar meta kynningar nemenda á verkefnum sínum og hugarkortin sem þau vinna í vinnubók.

Einu sinni var...**Markmið**

Að nemandi:

- kynnist sögum af landnámsmönnum
- setji sig í spor landnámsmanna varðandi ferðalagið og lífið fyrstu árin
- Kanni valda menningarþætti á ólíkum stöðum í heiminum á miðöldum
- Átti sig á tengslum á milli mismunandi menningarheima
- þekki til landkönnunarferða á miðöldum og ýmissa samfélagsbreytinga sem komu í kjölfar þeirra
- hafa innsýn í kynni Íslendinga af öðrum hlutum heims fyrir 1800
- Kynnist íslenskum þjóðlögum og helstu einkennum þeirra
- Semji hljóðverk við íslenska þjóðsögu.

Kennsluhættir

Nemendur vinna í hópum og fær hver hópur sérstakt viðfangsefni til að kynna sér frekar og vinna handrit að leikriti og leika það í lokin. Þemað tengist einnig tónmennt og íslensku þar sem unnið er með íslensk þjóðlög og þjóðsögur. Nemendur þurfa að lesa bókina *Miðaldafólk á ferð* heima og í lokin taka þau könnun. Í prófinu mega þau hafa með sér A4 blað með glósum úr efninu sem þau hafa unnið.

Námsefni

Miðaldafólk á ferð eftir Þorstein Helgason.

Námsmat

Metin er samvinna, sjálfstæði og vinnusemi í hópavinnu sem og handrit nemenda. Nemendur meta sig einnig sjálfir og í lokin er könnun úr bókinni með glósublaði.

Kynnumst öðrum

Markmið

Að nemandi:

- Kynnist öðrum trúarbrögðum (islam, hindú eða búddha trú)
- Kynnist helgihaldi, siðum og nokkrum trúarhátíðum
- Þekki helstu trúartákn og trúarrit
- Vinni með vináttu, umburðarlyndi og ábyrgðartilfinningu
- Vinni með tillitssemi og umhyggju

Kennsluhættir

Nemendur fá kynningu á fjórum trúarbrögðum Búddha, Islam, Hindúatrú og Gyðingdómi. Nemendum er skipt í hópa og þeir velja sér eitt trúarbragð af fjórum, rannsaka trúarbragðið nánar. Þeir kynna sér helstu siði, venjur og lífnaðarhætti trúarbragðanna og búa til mósaikmynda af trúartákninu. Kennslan fer fram í umræðum og hópavinnu þar sem nemendur velta fyrir sér sérstöðu trúarbragðarins. Í lokin kynna nemendur trúarbragðið sitt fyrir samnemendum með ólíkum hætti. Nemendur fá frjálssar hendur varðandi kynninguna á verkefninu. Þeir mega búa til útlarpspátt, taka viðtal, búa til leikpátt, búa til veggspjald, glærusýningu og fl.

Námsefni

- *Islam – að lúta vilja guðs eftir Þorkel Ágúst Óttarsson*
- *Búddhatrú - leiðin til Nirvana eftir Sigurð Inga Ásgeirsson*
- *Hindúatrúa – guð í mörgum myndum eftir Sigurð Inga Ásgeirsson*
- *Gyðingdómur – sáttmáli þjóðar eftir Sigurð Inga*
- Myndbönd um trúarbrögð á www.nams.is

Námsmat

Frammistöðumat sem felur í sér virkni nemanda, samvinnu í hópavinnu, vandvirkni og hvort nemandi fylgi fyrirmælum.

Úr iðrum jarðar

Markmið

Að nemandi:

- þekki uppbyggingu jarðar
- þekki lagskiptingu og efnasamsetningu lofthjúps jarðar og þýðingu fyrir lífríkið
- geri sér grein fyrir hvernig jarðskorpan skiptist í fleka og hvernig landrek getur orsakað jarðskjálfta og eldgos
- geri sér grein fyrir dreifingu eldvirkni og jarðhræringa á Íslandi og afleiðingum þessara fyrirbæra
- þekki þekktar eldstöðvar og áhrif þeirra í heimabyggð

Kennsluhættir

Nemendur lesa bókina Auðvitað 1 og vinna fjölbreytileg verkefni. Þessi verkefni eru m.a. myndband um jarðskjálfta, útdráttur um eldgos, svara spurningum, skoða steina í víðsjá til að greina tegund þeirra og helstu einkenni, hanna draumaeyjuna sína og rannsaka helstu eldgosasvæði Íslands. Í lok þemans búa nemendur til borðspil sem þeir geta spilað saman.

Námsefni

Auðvitað 1 eftir Helga Grímsson.

Námsmat

Námsmatið byggist á könnun og vinnubók með verkefnablöðum. Einnig er metin virkni nemenda í að hanna og útbúa borðspilið.

Einstaklingsverkefni

Markmið

Að nemandi:

- Geti fjallað um áhugasvið sitt og kynnt það fyrir öðrum
- Efla sjálfstæð vinnubrögð nemenda
- Geti aflað sér heimilda á fjölbreyttan hátt

Kennsluhættir

Nemendur ákveða afmarkað efni sem þeir ætla að rannsaka frekar og búa til afurð. Þeir kynna afurðina fyrir foreldrum og samnemendum sínum. Nemendur skila skýrslu sem felur í sér viðtal við sérfræðing, dagbók um vinnslu verkefnis og sjálfsmat.

Námsefni

Nemendur finna námsefni sem hentar þeirra verkefni með aðstoð kennara eða foreldra.

Námsmat

Nemendur skila inn sjálfsmati á verkefni sínu sem og kennari metur afurð, kynningu og skýrslu.

B HLUTI

Söngleikur eða leikrit

Leikritin Fólkið í blokkinni og Blái hnötturinn hafa verið sett upp

Markmið

Að nemandi:

- Geri sér grein fyrir mikilvægi jákvæðrar hegðunar og samskipta.
- Geti nýtt sér skapandi vinnubrögð við að útfæra eigin hugmyndir og lausnir.
- Geti tjáð og fært rök fyrir hugsunum, skoðunum, tilfinningum og væntingum gagnvart öðrum.
- Leiki leikþætti eða atriði úr frásögnum sem hann hefur lesið eða samið.
- Ræði um bókmenntaverk sem hann hefur hlustað á og /eða lesið.
- Geri sér grein fyrir hugtökunum aðal- og aukapersónur.
- Þekki hugtökin persona, söguhetja, söguþráður og sögulok.
- Nýti sér aðferðir leikrænnar tjáningar við lausn á verkefnum.

Kennsluhættir

Nemendum var skipt í hópa eftir áhugasviði hvers og eins. Í boði var að velja um sjö hópa þ.e. leiklist, tónlist, dans, búningar, leikmynd, tækni og auglýsingar. Þemað endaði með uppsetningu á leikverki. Allir komu að sýningunni með einum eða öðrum hætti tengt þeirra hópavinnu. Sýningin er sýnd fyrir nemendum og foreldrum.

Námsefni

Bókin *Fólkið í blokkinni* eftir Ólaf Hauk Símonarson.

Bókin *Blái hnötturinn* eftir Andra Snæ Magnason

Námsmat

Fólkið í blokkinni: Nemendur fylltu út sjálfsmat en einnig skrifuðu kennarar frammistöðumat á framlagi hvers og eins til verkefnisins.

Blái hnötturinn: nemendur unnu verkefni tengt bókinni sem var metið.

Snorri Sturluson

Markmið

Að nemandi:

- þekki lífshlaup Snorra Sturlusonar
- þekki ritverk Snorra Sturlusonar
- þekki helstu höfðingjaættir á þessum tíma og hvaða hlutverki blóðhefnir gegndu í samfélaginu
- viti hvernig handritin voru búin til
- þjálfist í að hlusta á umræður og taka þátt í þeim
- setji sig í spor fólks sem uppi var á öðrum tímum
- nýti sér aðferðir leikrænnar tjáningar við lausn á verkefnum
- kynnist íslenskum þjóðlögum og þekki einkenni þeirra
- semji lag í hóp við kvæði eftir Snorra

Kennsluhættir

Þemað byggist á einstaklings og hópvinna. Nemendur lesa bókina *Snorra saga* heima og í skólanum og vinna vinnubók í tengslum við hana. Hópvinnan byggist á persónusköpun og hlutverkaleik.

Námsefni

Snorra saga eftir Þórarinn Eldjárn.

Snorri Sturluson og mannlíf á miðöldum eftir Birgi Loftsson

Námsmat

Skriflegt próf úr vinnubók og mega nemendur útbúa glósumiða til að hafa með sér. Nemendur og kennari mátu vinnusemi og áhuga nemenda.

Himingeimurinn

Markmið

Að nemandi:

- Þekki stöðu og hreyfingu jarðarinnar í sólkerfinu
- Geri sér grein fyrir stærð jarðar og reikistjarna, helstu sérkennum og fjarlægð þeirra frá sólu
- Geri greinarmun á reikistjörnu og sólstjörnu fastastjörnu
- Þekki nokkur stjörnumerki sem sjást á norðurhveli jarðar
- Skapi og túlki leikspætti út frá námsefni
- Að nemendur geti í hóp búið til tónverk þar sem eitthvað fyrirbæri himingeimsins er túlkað.

Kennsluhættir

Unnið er eftir söguaðferðinni þar sem fjölbreytt verkefni eru unnin, aðallega í hópavinnu. Nemendur skoða stjörnuver Snævars og ferðast um himinhvolfið. Þemað tengist fyrst og fremst náttúrufræði en einnig íslensku, stærðfræði, upplýsingamennt og listgreinum.

Námsefni

Auðvitað 1 og 2 eftir Helga Grímsson.

Námsmat

Kennaramat á hópastarfi þar sem samvinna, áhugi og afurð hópsins er metin.

Urð og grjót

Markmið

Að nemandi:

- Taki virkan þátt í hópverkefnum
- Hlusti á og virði skoðanir annarra
- Sinni sínu hlutverki og skili því til heildarinnar
- Læri um vistkerfið á landi
- Þekki mismunandi lendi í lífríki landsins
- Þekki nokkrar fuglategundir og flokka þeirra

- Geri sér grein fyrir að lífverur hafi margvísleg áhrif hver á aðra og flestar hafi einhvern tilgang
- Velti fyrir sér hvort eitthvað í umhverfinu þurfi sérstakrar verndunar við
- Skilji fæðukeðjuna og tengi við sjálfan sig

Kennsluhættir

Þetta þema er unnið eftir CLIM aðferð sem byggist á að vinna í hópum með það markmið að þjálfar nemendur í að vinna saman og skipta með sér verkum á sanngjarnan hátt. Nemendur vinna ýmis verkefni í vinnubók, s.s. einstaklingsskýrslur, ritgerðir, ljóð ofl. sem þeir skila í lokin. Í tengslum við þemað verður farið í vettvangsferð í Náttúrufræðistofu Kópavogs og einnig nýtum við okkur í náttúruna hér í kringum skólann, fjöruna, Gálgahraunið og víðar. Þemað tengist fyrst og fremst náttúrufræði en einnig munum við flétta inn íslensku, upplýsinga og tæknimennt og listgreinum. Nemendur útbúa sjávardýr úr pappamassa, gera teikningar af fuglum, sauma sjávargróður og smíða fuglahús.

Námsefni

CLIM verkefni unnið upp úr námsbókinni Lífríki á landi.

Námsmat

Nemendur skila inn vinnubók og jafningjamati. Kennari er með símat á vinnusemi og vinnslu einstaklingsskýrslna.

Kristni á Íslandi

Markmið

Að nemandi:

- Kynni sér hvaða siðir og venjur tengjast kristinni trú
- fái tækifæri til að ræða mismun á trú og vísindum í tengslum við sköpunartexta Biblíunnar
- læri um boðorðin tíu
- þekki grundvöll kristinnar trúar og geri sér ljósa ábyrgð mannsins á heiminum, sjálfum sér og náunga sínum
- öðlist skynbragð á trú og siði fyrir kristnitöku
- kunni skil á aðdragandanum að því að Íslendingar tóku kristni og sjálfri kristnitökunni á Alþingi
- átti sig á breytingum í kristinni trú með siðaskiptum

Kennsluhættir

Þemað um kristna trú snýst að mestu um eftirfarandi þrjár spurningar:

- Hvað er kristin trú?
- Saga kristni á Íslandi
- Siðir og venjur kristinnar trúar á Íslandi

Þemað er að mestu tengt kristinfræði, siðfræði, trúarbragðafræði og sögu en listgreinarnar og íslenska tengjast þemanu. Farið er í vettvangsferðir á Þjóðminjasafnið og í kirkju.

Námsefni

- *Frá Róm til Þingvalla* eftir Helga Kjartan Skúlason
- *Sögueyjan I. hefti* eftir Leif Reynisson
- *Passíusálmarnir* eftir Hallgrím Pétursson

Námsmat

Námsmat byggist á skýrslu nemenda og sjálfsmati.

Íþróttir 5.-6.bekkur

Markmið

- Að kynna nemendum fyrir hollri og góðri hreyfingu.
- Að auka þol, áræðni, þrek og styrk nemenda.
- Að nemendur vinni saman og beri virðingu fyrir getu hvers annars.
- Að nemendur læri að fara eftir reglum sem gilda í íþróttum.
- Að nemendur fari eftir fyrirmælum.
- Að nemendur taki þátt í umræðu um gildi íþróttar fyrir sál og líkama
- Að nemendur öðlist þekkingu á starfsemi líkamans í tengslum við hreyfingu og ástundun íþróttar
- Að nemendur tileinki sér helstu líkamsæfingar og heiti helstu hreyfinga.
- Að nemendur læri að hafa rétt við í leikjum og geti skorið úr ágreiningi ef upp kemur
- Að nemendur læri að leysa úr ágreiningi sem upp getur komið í íþróttum
- Að nemendur fái jákvæða upplifun með þátttöku í leik að eigin vali eða vali hópsins
- Að nemendur taki þátt í æfingum og leikjum sem innihalda tjáningu af ýmsum toga

Tímafjöldi

1 tími á viku/60 mínútur á viku

Kennsluhættir

Kennslan fer fram m.a. í formi samvirks náms, stöðvaþjálfunar, hreyfistöðva, þrautabrauta, hlaupaleikja, boltaleikja, íþróttagreina, dans og hreyfitjáningar. Farið er eftir markmiðum Aðalnámskrár Grunnskóla, íþróttir, líkams- og heilsurækt 1999.

Skíðaferð einu sinni á ári

Að vori er áætlað að ganga á ákveðið fjall með nemendum.

Áhöld/kennsluaðstaða

Nýtt eru öll þau áhöld/tæki (inni og úti) sem eru til í skólanum og á skólalóðinni. Á haustin er kennt sem mest úti og farið inn þegar veður fer að versna. Eftir páskafrí færist kennslan að mestu út.

Innitímarnir fara fram í íþróttahúsinu í Sjálandsskóla.

Námsmat

- Stöðvaþjálfun
- Útihlaup á tíma
- Prófað úr ýmsum íþróttagreinum
- Píptest – staðlað hlaupa þolpróf
- Samvinna
- Fara eftir reglum í leikjum
- Hegðun
- Sjálfsmat nemenda hvernig þeim líkar í íþróttatímum.

Heimavinna

Ef nemendur eiga í erfiðleikum með að framkvæma ákveðna hluti þá er haft samband við foreldra og sameiginleg lausn fundin á málinu.

Sund 5.-6. bekkur**Hæfniviðmið**

- Að nemendur læri sunaðferðirnar bringu-, skrið-, bak-, skólabak-, flug- og björgunarsund.
- Að nemendur fái jákvæða upplifun af sundiðkun og geti nýtt sér sund sér til heilsubótar í framtíðinni.
- Að nemendur læri að vinna saman og beri virðingu fyrir getu hvers annars.
- Að nemendur efli leikni, styrk og þol.

- Að nemendur sýni virðingu og góða framkomu hvort sem leikur vinnst eða tapast.
- Að nemendur átti sig á mikilvægi leikreglna.
- Að nemendur átti sig á mikilvægi hreinlætis tengt sundiðkun.
- Að nemendur tileinki sér hugtök tengt sundiðkun.
- Að nemendur geti nýtt sér niðurstöður prófa til að setja sér markmið.
- Að nemendur geri sér grein fyrir mikilvægi öryggis- og umgengnisreglna.

Kennsluhættir

Nemendum er stundum skipt á fjórar brautir ýmist eftir verkefnum, getu eða félagatengslum. Nemendur þjálfast í sundaðferðunummið í gegnum leiki og æfingar. Nemendur vinna sér inn frjálsan tíma með góðri hegðun sem er á 5 – 6 vikna fresti. Lögð er áhersla á kurteisi, góða hegðun, sjálfstæði og samvinnu. Sundið er kennt einu sinni í viku 40 mínútur í senn allt skólaárið.

Kennsluaðstaða/ áhöld

Sundið er kennt í 12,5 m innisundlaug í Sjálandsskóla. Þau áhöld sem notuð eru við kennslu eru: Sundflár, sundblöðkur, sunduggar, sundnúðlur, hringir, ýmsar tegundir bolta og áhöld til að kafa eftir.

Námsmarkmið

Fyrir foreldraviðtal á haustönn gera nemendur líðankönnun sem send er heim í mentor. Í desember og júní fá nemendur birt námsmat í mentor.

Eftirfarandi atriði sem varða hæfniviðmið í líkamsvitund, leikni og afkastagetu eru metin í 5. bekk:

- 75m bringusund
- 25m skriðsund
- 25m skólabaksund
- 12m baksund
- Marvaði 30 sek
- 10m flugsundsfótatök
- Stunga af bakka
- Kafa eftir hlut á 1-2m dýpi eftir 5m sund
- Nemendur hafa lokið 5. sundstigi ná þeir öllum fyrrgreindum atriðum.

Eftirfarandi atriði sem varða hæfniviðmið í líkamsvitund, leikni og afkastagetu eru metin í 6. bekk:

- 25m bringusund (35 sek)
- 50m skólabaksund
- 25m skriðsund
- 25m baksund
- 15m björgunarsund
- 8m kafsund
- 10m flugsund með hjálpartækjum
- Stunga af bakka

Nemendur hafa lokið 6. sundstigi náí þeir öllum fyrrgreindum atriðum.

Eftirfarandi atriði sem varða félagslegapætti eru metin í 5. og 6. bekk og birt í lykilhæfni í mentor fyrir foreldraviðtal á vorönn:

- samvinna
- áhugi/virkni
- framkoma/hegðun
- fara eftir fyrirmælum
- sjálfstæði í vinnubrögðum
- mæting

Heimavinna

Þeir sem þurfa meiri æfingu í sundi fá leiðbeiningar um það og jafnvel aukatíma.

Textílmennt 5. – 6. bekkur

Hæfniviðmið

Að nemendur geti:

- þrætt saumavél
- unnið verkefni í vélsaumi
- unnið verkefni í þrjóni
- fylgt vinnuleiðbeiningum

- notað eigin hugmyndir í útfærslur á verkefnum
- tjáð sig um verkefni sín, ferlið og afurðina
- notað hugtök og heiti sem tengjast greininni
- notað fjölbreyttar mælieiningar

Kennsluhættir:

Reynt er að hafa verkefni fjölbreytt og þannig úr garði gerð að þau bjóði upp á fjölbreyttar útfærslur. Verkefnunum er ætlað að mæta hverjum nemanda þar sem hann er staddur og styðja hann í að auka færni sína í greininni.

Verkefni eru gjarnan kynnt nemendum á fjölbreyttan hátt, þá er stutt sýnikennsla og loks gengur kennari á milli og aðstoðar nemendur. Nemendur eru einnig hvattir til að hjálpa hvorum öðrum.

Rík áhersla er á að nemendur fái jákvæða upplifun af greininni, þroski og efli sköpunargleði sína og verði jafnvel forvitnari um heiminn í kringum sig.

Námsmat:

Hæfni nemandans er metin jafnt og þétt yfir skólaárið og skiptist í lykilhæfni (náms hæfni) og hæfniviðmið tengd markmiðum textílmenntar og er hvoru tveggja er birt á Mentor.

Hæfniviðmiðin eru unnin út frá hæfniviðmiðum í Aðalnámsskrá grunnskólanna. Þau eru áþekk hjá öllum nemendum á miðstigi, en þó liggja aðrir þættir á bak við hvert viðmið.

Nemendur eru metnir á fjögurra bila kvarða líkt og í öðrum námsgreinum skólans. Þau eru:

- Framúrskarandi hæfni
- Góð hæfni
- Sæmileg hæfni
- Ófullnægjandi hæfni

Tímafjöldi:

Kennt er 3 í viku, í 3-5 vikna lotum þar sem nemendur fá tvær lotur í hverri listgrein 2 á vetri. Hópnúmer er skipt í 4 minni hópa, um 12 nemendur í hóp.

Hönnun og smíði 5. – 6. bekkur

Hæfniviðmið

Að nemendur:

- Sýni ábyrga umgengni og fari eftir reglum og öryggisatriðum smíðastofunnar
- Þjálfist með sér sjálfstæð vinnubrögð
- Þroski með sér þolinmæði til vandaðrar vinnu
- Geti hannað, teiknað, útbúið snið og smíðað verkefni í raunstærð
- Þjálfist í notkun tfsagar
- Þekki og noti helstu verkfæri og mælitæki sem smíðastofan hefur upp á að bjóða á réttan hátt
- Geti valið og notað yfirborðsefni við hæfi verkefna sinna
- Kynnist mismunandi efnistegundum við hönnun og smíði, geti gert grein fyrir því efni sem þeir fá í hendur og nýtt það vel
- Þjálfist í samvinnu og mikilvægi góðrar umgengni og frágangi um vinnuaðstöðu, verkfæri, áhöld, verkefni sín og annara
- Efli frumkvæði og skapandi vinnu

Kennsluhættir:

Reynt er að hafa verkefnin fjölbreytt og þannig úr garði gerð að þau bjóði upp á fjölbreyttar útfærslur. Verkefnunum er ætlað að mæta hverjum nemanda þar sem hann er staddur og styðja hann í að auka færni sína í greininni.

Verkefnin eru gjarnan kynnt nemendum með myndum, tilbúnum hlutum og spjalli, þá er stutt sýnikennsla og loks gengur kennari á milli og aðstoðar nemendur. Nemendur eru einnig hvattir til að hjálpa hvorum öðrum.

Rík áhersla er lögð á að nemendur fái jákvæða upplifun af greininni, þroski og efli sköpunargleði sína og verði jafnvel forvitnari um heiminn í kringum sig.

Námsmat:

Hæfni nemandans er metin jafnt og þétt yfir skólaárið og skiptist í lykilhæfni (náms hæfni) og hæfniviðmið tengd markmiðum hönnunar og smíði og er hvoru tveggja er birt á Mentor.

Hæfniviðmiðin eru unnin út frá hæfniviðmiðum í Aðalnámsskrá grunnskólanna. Þau eru áþekk hjá öllum nemendum á miðstigi, en þó liggja aðrir þættir á bak við hvert viðmið.

Nemendur eru metnir á fjögurra bila kvarða líkt og í öðrum námsgreinum skólans. Þau eru:

- Framúrskarandi hæfni
- Góð hæfni
- Sæmileg hæfni
- Ófullnægjandi hæfni

Tímafjöldi:

Kennt er 3 í viku, í 3-5 vikna lotum þar sem nemendur fá tvær lotur í hverri listgrein á vetri. Hópnúmer er skipt í 4 minni hóp, um 12 nemendur í hóp.

Myndmennt 5. – 6.bekkur

Hæfniviðmið

Að nemendur geti:

- unnið með fjarvídd
- unnið verkefni tengt listasögu geti unnið verk í anda listamanns þeirrar stefnu
- unnið með leir sem mótunarefni
- unnið í litafræði með áherslu á litablöndur
- unnið með blandaða tækni í sömu mynd
- unnið myndverk út frá eigin upplýfun
- unnið skapandi vinnu sem tengist þeim

Kennsluhættir:

Reynt er að hafa verkefnin fjölbreytt og þannig úr garði gerð að þau bjóði upp á fjölbreyttar útfærslur. Verkefnunum er ætlað að mæta hverjum nemanda þar sem hann er staddur og styðja hann í að auka færni sína í greininni.

Verkefnin eru yfirleitt kynnt nemendum með myndum, spjalli og stuttri sýnikennslu.

Kennari gengur svo á milli og aðstoðar nemendur. Nemendur eru einnig hvattir til að hjálpa hvorum öðrum.

Rík áhersla er á að nemendur fái jákvæða upplifun af greininni, þroski og efli sköpunargleði sína og verði jafnvel forvitnari um heiminn í kringum sig.

Námsmat:

Hæfni nemandans er metin jafnt og þétt yfir skólaárið og skiptist í lykilhæfni (náms hæfni) og hæfniviðmið tengd markmiðum myndmenntar og er hvoru tveggja er birt á Mentor.

Hæfniviðmiðin eru unnin út frá hæfniviðmiðum í Aðalnámsskrá grunnskólanna. Þau eru áþekkt hjá öllum nemendum á yngsta stigi, en þó liggja aðrir þættir á bak við hvert viðmið.

Nemendur eru metnir á fjögurra bila kvarða líkt og í öðrum námsgreinum skólans. Þau eru:

- Framúrskarandi hæfni
- Góð hæfni
- Sæmileg hæfni
- Ófullnægjandi hæfni

Tímafjöldi:

Kennt er 3 í viku, í 3-5 vikna lotum þar sem nemendur fá tvær lotur í hverri listgrein 2 á vetri. Hópnúmer er skipt í 4 minni hópa, um 12 nemendur í hóp.

Tónmennt í 5. – 6. bekk

Hæfniviðmið

Að nemandinn geti:

- nefnt hljóðfæraflokka símfóníuhljómsveitar og helstu hljóðfæri innan hvers flokks
- valið hljóðfæri og hljóðblæ við hæfi í eigin tónsköpun
- greint einstaka þætti tónlistar eins og hljóðfæri, hraða, styrk og blæ og notað við eigin sköpun og flutning
- nefnt nokkur íslensk og erlend tónverk og höfunda þeirra
- rappað eigin texta eða annarra
- sungið og flutt fjölbreytt sönglög og þulur á ýmsum tungumálum
- sungið einfalda tvíradða útsetningu
- notað upptöku- og hljóðbútaforrit við tónsköpun og hljóðritun

- notað einföld nótnagildi við skrásetningu eigin tónlistar
- spunnið á skólahljóðfæri við undirleik
- samið og leikið þrástef
- fullgert og endað lag- og hrynmyndstur (spurning/svar)
- spilað hljóma á hljóðfæri sem undirleik fyrir söng eða spuna
- samið eigin tónsmíð og leikið á skólahljóðfæri fyrir áheyrendur og skrásett
- greint blústónlist og þekki helstu einkenni hennar og sögu
- útskýrt sérkenni íslenskra þjóðlaga eins og víxltakt, tvísöng og kvæðasöng
- greint heimstónlist frá ólíkum heimsálfum s.s. afríku, s-ameríku og Ástralíu- og eyjaálfu
- greint og metið eigin tónsmíðar og skólasystkina sinna af sanngirni

Kennsluhættir

Mikil áhersla er lögð á að nemendur læri fjölbreytt sönglög og þulur í tengslum við morgunsönginn. Hlustun er þjálfuð hjá nemendum með því að hlusta eftir fyrirfram ákveðnum þáttum eins og hraða, styrk, takti, hljóðfærum eða röddum. Unnið er með hryn bæði með ýmiskonar hreyfileikjum og beinni hljóðfæravinnu. Mikið er unnið með spuna og sköpun. Nemendur semja í stórum og smáum hópum hljóð- og tónverk sem þau flytja fyrir áheyrendur og taka upp á tölvur, t.d. blúslag og rapplag. Tónmennt tengist mikið þeim þeim sem nemendur eru í hverju sinni hjá umsjónarkennurum og er unnið markvisst með hæfniviðmið tónmenntar í tengslum við þemun.

Námsgögn:

- skólahljóðfæri og aðrir hljóðgjafar s.s. líkaminn og hlutir úr náttúrunni
- námsefnið: Það er gaman að hlusta á hermitónlist
- námsefnið: Það er gaman að hlusta á framandi tónlist
- námsefnið: Tónmennt 4. hefti
- myndbönd
- geisladiskar og tónlist af netinu
- einfaldar hljóðfæraútsetningar
- annað námsefni útbúið af kennara

Námsmat

Nám nemenda er metið með símati, frammistöðumati, skriflegum könnunum og verkefnum auk sjálfsmats. Video- og hljóðupptökur eru reglulega gerðar til að fylgjast með framförum og getu nemenda í söng og hljóðfæravinnu. Tónsköpun og spuni nemenda eru tekin upp og metin. Þekkingaratriði eru metin með skriflegum könnunum og verkefnum unnum í tímum. Tvisvar á vetri fá nemendur afhent námsmat í tónmennt þar sem hæfnivíðmiðin eru útlustuð með eftirfarandi skala:

- A – Framúrskarandi hæfni
- B – Góð hæfni
- C – Sæmileg hæfni
- D – Ófullnægjandi hæfni

Heimilisfræði 5. – 6. bekk

Markmið:

Að nemandi:

- Geti farið eftir leiðbeiningum um hreinlæti og þrif tengdu heimilishaldi
- Geti matreitt einfaldar og hollar máltíðir og nýtt hráefnið sem best
- Geti unnið sjálfstætt eftir uppskriftum og notað til þess algengustu mæli- og eldhúsáhöld

Kennsluhættir:

Nemendur matreiða eftir einföldum uppskriftum. Mikil áhersla er lögð á að nemendur hjálpist að og að allir taki þátt, bæði í matreiðslunni og frágangi. Jafnframt er lögð áhersla á að nemendur læri að leggja fallega á borð, þekki helstu áhöld og sýni góða borðsiði.

Námsefni:

Gott og gagnlegt I og II ásamt öðru efni

Námsmat:

Metin er vinnusemi, hjálpsemi, hegðun, þekki heiti áhalda og hvernig nemanda gengur að lesa einfaldar uppskriftir.

Leiklist 5. - 6. bekkur

Markmið

Að nemandi:

- Geti nýtt sér hugmyndir jafningja og lagt fram sínar eigin í leikrænu ferli og við undirbúning og sköpun leikþáttar
- Geti nýtt sér efni út ýmsum áttum sem kveikju við frumsköpun leikins efnis. Skapað leikþætti í félagi við aðra með skýrum persónum, söguþræði og framvindu
- Geti nýtt sér leikmuni, búninga, einfaldan sviðsbúnað og tækni til þess að styrja sköpun sína
- Geti flutt leiktexta í hlutverki á viðeigandi hátt fyrir framan áhorfendur
- Geti skapað skýra leikpersónu og viðhaldið henni í stuttum leikþætti með viðeigandi radd- og líkamsbeitingu.
- Geti beitt fleiri en einu formi leiklistar (s.s skuggaleikhúsi, látbragðsleik, kyrrmyndum)

Kennsluhættir

Kennt er í sex vikna lotum, þrisvar í viku, eina klukkustund í senn. Árgöngum er skipt upp í fjóra hópa.

Nemendur byrja á því að fara í leiki og æfa sig í að vinna saman. Síðan er nemendum skipt í tveggja til þriggja manna hópa og þeir búa til sögu af því sem þeir vilja setja á svið. Að því loknu kynna hóparnir hugmyndirnar sínar fyrir hvort öðru. Nemendur kjósa eina af þessum sögum til þess að setja á svið. Sú saga er lesin aftur og nemendur skipta henni niður í kafla og ákveða í sameiningu hvernig hún á endanlega að vera t.d hvernig umhverfið á að vera, persónurnar og fl. Eftir þá vinnu fá hóparnir einn kafla af sögunni sem þeir búa til handrit fyrir. Að lokum setja nemendur leikritið á svið. Nemendur geta einnig tekið upp stutta leikþætti og búið til kvikmynd. Afurðin er sýnd samnemendum og jafnvel er gestum boðið á sýningar.

Námsmat

- Símat kennara á vinnubrögðum, frágangi og virkni nemenda
- Sjálfsmat
- Jafningjamat
- Umsögn kennara